

17. Stjórnarfundur Bergrisans

3. júní 2020

Fundur hófst klukkan 13:00 og er fjarfundur í gegnum Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans, Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri og forstöðumenn þjónustuvæða þær Ragnheiður Hergeirsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir og Svava Davíðsdóttir. Einnig mættu Sigríður Elín Leifsdóttir, fulltrúi Árborgar í þjónusturáði Bergrisans, og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Staða á úttektum

- Skaftholt

Stefnt er að fundi með ráðuneyti til að kynna úttekt HLH ráðgjafar á Skaftholti. Skoða þarf sérstaklega þann hluta sem snýr að hæfingu hvað varðar fjármögnun. Verkefnastjóri vinnur drög að kröfulýsingu fyrir stjórn. Formanni og verkefnisstjóra er falið að koma á fundi Bergrisans og ráðuneytis í Skaftholti þar sem fram fari kynning HLH ráðgjafar og skoðun á staðháttum.

- Breiðabólsstaður

Beðið er eftir sundurliðun rekstrarkostnaðar síðustu ára. Þar sem Bergrisinn hefur eingöngu verið nýta tvö pláss undanfarin ár, í stað þeirra fjögurra sem greitt hefur verið fyrir, samþykkir stjórn að rekstraraðilum verði þegar tilkynnt að greiðslum vegna tveggja rýma verði sagt upp nú þegar, með fjögurra mánaða fyrirvara eins og tilskilinn er í samningum. Verkefnisstjóra er jafnframt falið að ítreka það sem kemur fram í 13. gr. þjónustusamnings, að samningaviðræður eigi að vera hafnar um framhald samstarfsins, enda lýkur núverandi samningi um áramótin 2020/2021. Úttekt HLH ráðgjafar er grundvöllur að áframhaldandi samningum af hálfu Bergrisans. Stjórn felur verkefnisstjóra að upplýsa forsvarsmenn Breiðabólsstaðar um ótakmarkað umboð stjórnar til handa HLH ráðgjöf um öflun upplýsinga vegna úttektar fyrir Bergrisann.

2. Beiðni frá Kópnum um kaup á áhöldum/hjálpartækjum til tómstundastarfs

Frístundaklúbburinn Kópurinn, sem rekinn er á vegum Bergrisans fyrir fatlaða nemendur FSu, óskar eftir fjármagni að upphæð 3.048.300,- til kaupa á áhöldum/hjálpartækjum. Stjórn Bergrisans samþykkir erindið og felur fjármálastjóra Árborgar að uppfæra fjárhagsáætlun í samræmi við viðaukann. Stjórn felur verkefnastjóra að útbúa yfirlit yfir úrræði á vegum Bergrisans og réttindi þjónustuþega og birta á vefsíðu með aðgengilegum hætti.

3. Klettabær

Stjórn felur verkefnastjóra að óska eftir ítarlegri sundurliðun og nánari skýringum á veittri þjónustu frá Klettabæ.

4. Verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA

Stjórn Bergrisans samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti. Reglurnar verða sendar með fundargerðinni til staðfestingar aðildarsveitarfélaganna.

Næsti fundur áætlaður 24. júní 2020 kl. 13:00 á Microsoft Teams.

Fundi slitið kl. 15:50